



---

**20** | **ÁRIÐ**  
**19** | **Í HNOTSKURN**

---





## Kjaramál

Kjarasamningarnir sem undirritaðir voru á vordögum 2019 einkenndust af þungum kröfum á stjórnvöld. Umræða um kjaramál hefur sjaldan verið jafn áberandi í fjölmiðlum og væntingar voru miklar. Skattamál voru í deiglu og byggði umræðan á skýrslu ASÍ um hvernig skattar á launafólk hafi aukist á síðustu árum og tilfærslukerfin veikt. Önnur stórmál voru húsnæðismálin og baráttan gegn félagslegum undirboðum. Þá var rík krafa um að samið yrði um styttingu vinnutímans.

Þann 3. apríl 2019 voru undirritaðir kjarasamningar fyrir allt verkafólk og verslunarmenn; Lífskjarasamningur sem gildir til nóvember 2022. Markmið samningsins er að hækka tekjulægstu hópana með sérstökum taxa-hækkunum og almennum krónutöluhækkunum. Þá var samningnum ætlað að skapa forsendur fyrir vaxta-lækkun til að draga úr vaxtakostnaði heimila. Sú nýbreytni var tekin upp að semja að auki um sérstaka hag-vaxtatengingu, í formi hagvaxtaauka, sem tryggir launafólki hlutdeild í verðmætasköpuninni verði hagvöxtur á mann umfram 1% á samningstímanum. Verslunarmenn sömdu um styttingu vinnutímans um 45 mínútur á viku en auk þess er í öllum samningum heimild til að semja um breytingar á vinnufyrirkomulagi til að stytta viðveru á vinnustað.

Stjórnvöld gáfu í tengslum við samningana út sérstakar yfirlýsingar með víðtækum aðgerðum til að stuðla að samfélagslegum umbótum á ýmsum sviðum.

Íðnaðarmenn voru sameinaðir í samningateymi allan veturinn og undirrituðu sína samninga í byrjun maí. Í kjölfarið fylgdu leiðsögumenn og mjólkurfræðingar, en samningum flugfreyja var enn ólokið í október 2019 sem og samningum við ríki og sveitarfélög sem runnu út 31. mars 2019.

Sú nýbreytni var tekin upp að semja að auki um sérstaka hagvaxtatengingu sem tryggir launafólki hlutdeild í verðmætasköpuninni.

Október 2018

Kvennaveikfall

VR og SGS samþykkja kröfugerðir

Drífa Snædal kjörin forseti ASÍ



## Verkföll 2019

Harðar kjaradeilur síðla vetrar 2019 leiddu til þess að viðræðum nokkurra stærstu aðildarsamtaka ASÍ við SA var slitið og undirbúningur hafinn að boðun verkfalla.

Verkfallsboðanir Eflingar-stéttarfélags á veitinga- og gistinguum urðu tilefni tveggja málssókna fyrir Félagsdómi. Efling ákvað að allir félagsmenn sem tóku laun skv. kjarasamningi varðandi veitinga- og gistingu, skyldu greiða atkvæði um verkfall tiltekinna starfsmanna. Þannig þarf ekki tiltekið hlutfall félagsmanna að taka þátt til þess að atkvæðagreiðslan teljist lögmæt. Því nýnæmi var einnig beitt að Efling lét útbúa færanlegan kjörstað í sendibifreið sem ekið var á milli vinnustaða samhliða því sem greidd voru atkvæði á kjörstað. SA taldi hvorutveggja ólögmætt en á það féllst Félagsdómur ekki.

Tekist var á um í öðru máli gegn Eflingu hvort verkföll sem framkvæmd voru þannig að starfsmenn sinntu ekki skyldum nema sem skilgreindar væru í starfslýsingu. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að þessar boðanir væru ekki nægilega skýrar og afmarkaðar. Af þeim verkföllum varð því ekki.

VR ákvað að efna til leynilegrar atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls meðal félagsmanna VR sem starfa hjá hópbifreiðafyrirtækjum. Greidd voru atkvæði um hefðbundin verkföll þar sem öll störf skyldu lögð niður tiltekna daga frá 21. mars og út apríl en ótímabundin verkföll skyldu hefjast þann 1. maí 2019. Boðun VR og boðun Eflingar voru í takti hvað þetta varðar. Fyrstu verkföllin hófust en öllum aðgerðum var aflýst 2. apríl þegar stefndi í að kjarasamningar væru að klárast. Nýir kjarasamningar voru undirritaðir sólarhring síðar.


Því nýnæmi var einnig beitt að Efling lét útbúa færanlegan kjörstað í sendibifreið sem ekið var á milli vinnustaða.

## Nóvember 2018

Atvinnuleysi 2,2%

Fyrsti fundur nýrrar miðstjórnar

Stýrivextir hækka



## Efnahagsmál

Óvissa einkenndi efnahagslífið á árinu og helstu hagvísar bentu til þess að hægja væri á umsvifum í kjölfar eins lengsta hagvaxtarskeiðs síðari tíma. Vísbendingar voru um að fjölgun ferðamanna hefði náð hámarki og að dregið hefði úr vexti einkaneyslunnar og fjárfestingu atvinnuveganna. Helstu óvissupættirnir tengdust stöðu ferðaþjónustunnar og niðurstöðu kjarasamninga. Rekstrarerfiðleikar flugfélagsins WOW air voru mikið til umræðu í upphafi árs þegar félagið reyndi að styrkja fjárhagsstöðu sína með skuldabréfaútbóði og viðræðum um yfirtöku.

Gjaldþrot WOW air var þungt högg fyrir ferðaþjónustuna og hafði víðtæk áhrif á vinnumarkaði en um 1.100 manns misstu vinnuna við fall félagsins. Fjöldmennasti hópurinn var félagsmenn Flugfreyjufélagsins sem er eitt af aðildarfélögum ASÍ. Horfur á vinnumarkaði versnuðu þegar líða tók á árið með fjölgun hópuppsagna og auknu atvinnuleysi sem í júlí 2019 mældist 3,4% sem er það mesta síðan 2013.

Verðbólga náði hámarki á vormánuðum 2019 þegar hún fór í 3,6% en hjaðnaði eftir það. Seðlabankinn hefur á undanförmum mánuðum getað beitt vöxtum til að mæta samdrætti í efnahagslífinu, en vextir hafa frá undirritun kjarasamninga í vor lækkað úr 4,5% í 3,25% til samræmis við yfirlýst markmið samninganna.

Þó hægt hafi á í efnahagslífinu og horfur tímabundið versnað hafa heimili, fyrirtæki og opinberir aðilar almennt góða möguleika til að mæta stöðunni. Skuldastaðan hefur batnað mikið á síðustu árum og stjórnvöld hafa fullt tækifæri til beita skynsamlegri hagstjórn til að jafna sveiflur, auka jöfnuð og verja viðkvæma hópa.

Vextir hafa frá undirritun kjarasamninga í vor lækkað úr 4,5% í 3,25% til samræmis við yfirlýst markmið samninganna.

Desember 2018

SGS á fullu í kjaraviðræðum

ASÍ á ITUC þingi

80% bókatitla prentaðir erlendis



# Bjarg íbúðafélag

Bjarg fagnaði tímamótum í starfsemi félagsins á árinu 2019 þegar fyrsti leigjandi félagsins fékk afhenta lykklana að íbúð við Móaveg í Grafarvogi. Síðan hafa bæst við 99 fjölskyldur sem hafa fengið afhentar íbúðir í Reykjavík og á Akranesi. Bjarg mun afhenda um 150 íbúðir á árinu og verða þá íbúar í íbúðum Bjargs orðnir á fjórða hundrað.

Bjarg er nú með um 400 íbúðir í byggingu og eru þær staðsettar við Móaveg í Grafarvogi, Urðarbrunn og Silfratjörn í Úlfarsárdal, Hallgerðargötu við Kirkjusand og Hraunbæ ásamt því að 32 íbúða fjölbýlishús er í byggingu við Guðmannshaga á Akureyri.

Þá er Bjarg með í undirbúningi framkvæmdir vegna 463 íbúða. Þær íbúðir verða staðsettar í Bryggjuhverfi í Grafarvogi, Gelgjutanga í Vogabyggð, í Skerjafirði, Hamranesi í Hafnarfirði, Þorlákshöfn, Sandgerði og nýju Björkuhverfi á Selfossi.

Bjarg á í viðræðum við önnur sveitarfélög um byggingu leiguíbúða en félagið leggur áherslu á að eiga í góðu samstarfi við aðila alls staðar á landinu.

Frekari uppbygging er háð veitingu stofnframlaga sem ríki og sveitarfélög leggja til verkefna félagsins. Fjármagn til stofnframlaga hefur verið af skornum skammti og umsóknir eru langt umfram fé til úthlutunar. Í kjarasamningum 2015 var lofað að 2/3 stofnframlaga myndi renna til íbúða fyrir tekjulægri einstaklinga og fjölskyldna á vinnumarkaði. Það hefur ekki gengið eftir en vonir standa til að á haustþingi verði sú ráðstöfun staðfest.

Bjarg mun afhenda um 150 íbúðir á árinu og verða þá íbúar í íbúðum Bjargs orðnir á fjórða hundrað.

Janúar 2019

40 tillögur í húsnæðismálum

ASÍ vill róttækar breytingar á skattkerfinu

150.000 kr. munur á leikskólagjöldum



# Brotastarfsemi og launaþjófnaður á íslenskum vinnumarkaði

Án aðkomu erlends launafólks hefði íslensku atvinnulífi reynt ómögulegt að manna aukin umsvif á undanföllum árum. Erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mikið síðustu ár og eru þeir nú 19% allra starfandi. Margt bendir til þess að samhlíða þessari þróun hafi jaðarsetning og brotastarfsemi aukist á íslenskum vinnumarkaði. Brotin virðast einkum beinast gegn hópum sem síður þekkja réttindi sín og eru í erfiðri stöðu til að sækja rétt sinn, þ.e. erlendu launafólki, ungu fólki, tekjulágum og einstaklingum í hlutastörfum, óreglulegri vinnu eða lausbeisluðu ráðningarsambandi við atvinnurekanda.

Í skýrslu ASÍ um íslenskan vinnumarkað sem kom út í ágúst 2019 var sjónum sérstaklega beint að erlendu launafólki. Greiningin byggir á skoðun á launakröfum fjögurra af stærri aðildarfélögum ASÍ og niðurstöðum tveggja spurningakannana Gallup um brot á kjarasamningsbundnum réttindum meðal ungs fólks og erlendra félagsmanna. Niðurstöðurnar benda til þess að íslenskur vinnumarkaður sé tvískiptur þegar horft er til brotastarfseminnar. Annars vegar er það veruleikinn sem meirihluti launafólks býr við þar sem kjarasamningsbrot eru fátíð eða nær óþekkt. Hins vegar er það veruleikinn sem mætir erlendu launafólki og ungu fólki þar sem launaþjófnaður og brot á kjarasamningsbundnum réttindum eru algeng.

Skýrslan leiðir í ljós að launakröfur vegna launaþjófnaðar og kjarasamningsbrota hlaupa á hundruðum milljóna króna ár hvert meðal aðildarfélaga ASÍ. Meira en helmingur allra krafna eru gerðar fyrir hönd félagsmanna af erlendum uppruna. Um helmingur allra krafna kemur úr hótél-, veitinga- og ferðaþjónustu en hæstu launakröfumnar eru gerðar á fyrirtæki í mannvirkjagerð.

Skýrslan leiðir í ljós að launakröfur vegna launaþjófnaðar og kjarasamningsbrota hlaupa á hundruðum milljóna króna ár hvert meðal aðildarfélaga ASÍ. Meira en helmingur allra krafna eru gerðar fyrir hönd félagsmanna af erlendum uppruna. Um helmingur allra krafna kemur úr hótél-, veitinga- og ferðaþjónustu en hæstu launakröfumnar eru gerðar á fyrirtæki í mannvirkjagerð.

Febrúar 2019

Samningstilboðum hafnað á báða bóga

Vörucarfan 67% dýrari í Reykjavík en Helsinki

80% Eflingar fólks hlynnt verkföllum



# Samræmt vinnustaðaeftirlit

Á árinu hefur verið lögð sérstök áhersla á endurmenntun eftirlitsfulltrúa ASÍ og aðildarféлага. Var haldið yfirgripsmikið tveggja daga námskeið í maí í því skyni. Fimmtán starfsmenn stéttarféлага hafa fengið útgefin eftirlitsfulltrúaskírteini það sem af er ári og er það ánægjuleg aukning. Alls hafa 87 starfsmenn ASÍ og aðildarfélaganna heimild til að fara í vinnustaðaeftirlit, en um 30 sinna því starfi reglulega á landsvísu.

ASÍ hefur komið á samstarfi við Isavia og Bónus um dreifingu kynningarefnis til að ná fyrstu snertingu við erlent launafólk og kynna því réttindi á íslenskum vinnumarkaði. Aukið samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir og skilningur á mikilvægi þess hefur gert starf vinnustaðaeftirlitsins markvissara. Þá hafa stéttarfélagin sammælt í frekara mæli um sameiginlegar eftirlitsferðir.

Á haustmánuðum 2019 samþykkti miðstjórn ASÍ að vinnustaðaeftirlitið verði skipulagt og unnið miðlægt á skrifstofu Alþýðusambandsins í góðu samstarfi við aðildarfélagin. Stefnt er að því að kynna tillögur þar að lútandi á formannafundi í október.

Sumarið 2019 var unnin rannsókn um brot á vinnumarkaði. Tekin voru djúpvíðtöl við útlendinga sem hafa þurft að þola að á þeim sé svindlað. Rannsóknin var gerð með styrk frá velferðarráðuneytinu og það var ungur hagfræðinemi, Nanna Hermannsdóttir, sem vann rannsóknina. Niðurstöðurnar voru kynntar í september í skýrslunni „Hvað mætir útlendingum á vinnumarkaði? – Launaþjófnaður og fautaskapur“. Þær staðfesta grun ASÍ um að illa sé farið með erlent launafólk og að það verði í töluverðum mæli fyrir barðinu á launaþjófnaði.

Á haustmánuðum 2019 samþykkti miðstjórn ASÍ að vinnustaðaeftirlitið verði skipulagt og unnið miðlægt á skrifstofu Alþýðusambandsins.

Mars 2019

Efling og VR samþykkja verkfall

Iðnaðarmenn slíta kjaraviðræðum

Hundruð missa vinnuna vegna gjaldþrots WOW



## Miðstjórn ASÍ

Miðstjórn ASÍ er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins milli þinga. Hlutverk hennar er að móta stefnu og félagspólítíska afstöðu ASÍ í samræmi við lög þess og samþykktir þinga. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi ASÍ, stofnana þess og samtaka. Hún er kosin til tveggja ára í senn. Við kosningu miðstjórnar er leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna sé sem jöfnust.

Á vegum miðstjórnar starfa nefndir sem hafa frumkvæði að málefnavinnu og vinna samkvæmt samþykktum miðstjórnar og þinga. Nefndirnar eru:

Alþjóðanefnd

Efnahags-, skatta- og atvinnumálanefnd

Húsnæðisnefnd

Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd

Mennta- og kynningarnefnd

Umhverfis- og neytendanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd

Laganefnd

Starfs- og fjárhagsnefnd

Í miðstjórn ASÍ til október 2020 sitja:

Drífa Snædal, forseti

Vilhjálmur Birgisson, VLFA 1. varaforseti

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ 2. varaforseti

Aðalmenn (raðað eftir atkvæðavægi í kosningu á 43. þingi ASÍ):

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja

Berglind Hafsteinsdóttir, Flugfreyjufélag Íslands

Valmundur Valmundarson, Sjómannasamband Íslands

Halldóra Sveinsdóttir, Báran

Eiður Stefánsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Sólveig Anna Jónsdóttir, Efling

Hilmar Harðarson, FIT - Félag iðn- og tæknigreina

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

Harpa Sævarsdóttir, VR

Kristín M. Björnsdóttir, VR

Helga Ingólfssdóttir, VR

Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi ASÍ, stofnana þess og samtaka.

Apríl 2019

Hlaðvarp ASÍ í loftið

Iðnaðarmenn semja

Kjarasamningar verkafólks og verslunarmanna undirritaðir

Atvinnuleysi það mesta í 5 ár

Seðlabankinn lækkar stýrivexti





# Verðlagseftirlit ASÍ

Haustið 2018 gerði verðlagseftirlitið úttekt á þjónustugjöldum bankanna sem sýndi að gjöld höfðu hækkað mikið frá 2015-2018 þrátt fyrir hagræðingu innan bankakerfisins. Verðlagseftirlit ASÍ vakti einnig athygli á litlum verðmun milli lágvöruverðsverslana og benti á að það væri merki um svokallað þögnult samráð. Þá vakti verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ á matvöru á Norðurlöndunum athygli og umræðu, en hún varpaði ljósi á mikinn verðmun á matvöru milli landanna.

Í mars stóð verðlagseftirlitið ásamt Neytendasamtökunum fyrir málþingi um verðlag á Íslandi. Þar var reynt að varpa ljósi á ástæður hás verðlags á Íslandi. Fyrir utan fullan sal af fólki fylgdust að jafnaði um 700 manns með þinginu í gegnum beint streymi á netinu og þúsundir sóttu upptöku af fundinum. Þessi mikli fjöldi sýnir vel áhugann neytendamálum.

Eftirfylgni kjarasamninga setti svip á starf verðlagseftirlits ASÍ á árinu þar sem verðkönnunum á matvöru var fjölgað og sérstakur verðlagseftirlitshópur var stofnaður á Facebook. Hópurinn er hugsaður sem vettvangur fyrir umræður og ábendingar um verðlag og á þannig að veita fyrirtækjum aðhald.

Miklar hækkanir á fasteignagjöldum vöktu athygli þegar verðlagseftirlitið tók saman þróun þeirra í 15 stærstu sveitarfélögum frá árunum 2013-2019 en sú rannsókn sýndi miklar hækkanir í sumum sveitarfélögum.

Verðkönnun á matvöru á Norðurlöndunum vakti athygli og umræðu, en hún varpaði ljósi á mikinn verðmun á matvöru milli landanna.

Maí 2019

Bjarg byggir á Kirkjusandi og Akureyri

Júní 2019

Forseti ASÍ ávarpar þing ETUC

Traust til ASÍ vex skv. nýrri könnun

Heimsátak gegn hamfarahlýnun



# Fulltrúi Íslands í stjórn Alþjóða- vinnumálastofnunarinnar

Lögfræðingur ASÍ, Magnús M. Norðdahl hrl., var í mars 2019 kjörinn skv. tilnefningu Alþjóðasambands launafólks (ITUC) í stjórn Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) fyrstur Íslendinga.

Alþjóðavinnumálastofnunin var stofnuð 1919 á grundvelli Versalsamninganna við lok fyrri heimstyrjaldar og varð við stofnun Sameinuðu þjóðanna fyrsta sérstaka stofnun þeirra. Hlutverk hennar er að semja og setja alþjóðalög á sviði vinnuréttar.

Ísland hefur átt aðild að ILO síðan 1945 en stofnunin er sérstök fyrir það að vera eina stofnunin innan alþjóðakerfisins sem að jöfnu er stjórnað af ríkisstjórnunum og aðilum vinnumarkaðarins.

Magnús hefur verið fulltrúi íslenskrar verkalýðshreyfingar á þingum ILO sl. 20 ár. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum samninganefndum á vettvangi stofnunarinnar og leiddi m.a. slíka nefnd fyrir hönd launafólks árið 2016. Á stjórnarfundum í mars 2019 var Magnús jafnframt kjörinn í Félagafrelsisnefnd ILO (CFA) sem fjallar um kærur um brot gegn félagafrelsis ákvæðum stjórnarskrár ILO, samþykktum ILO og sáttmálum Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur jafnframt tekið sæti í nefnd sem ætlað er að gera tillögur um endurskoðun allra samþykktu ILO til þess að tryggja að þær samræmist þeim veruleika sem mætir vinnumarkaði framtíðarinnar.

Magnús hefur  
verið fulltrúi  
íslenskrar  
verkalýðshreyf-  
ingar á þingum  
ILO sl. 20 ár.

Júlí 2019

Fasteignagjöld hækka

Listasafn ASÍ velur Bjarka til samstarfs

Stýrivextir og verðbólga lækka

Mest brotið á erlendu launafólki



# Listasafn ASÍ

Snemma árs 2019 hófst undirbúningur sýningar á verkum úr stofngjöf Ragnars í Smára í samvinnu við Listasafn Árnesinga. Verkefnið hlaut styrk úr Safnasjóði og rekstrarstjórn ákvað að gefa út veglega sýningar-skrá í tengslum við sýninguna.

Sýningin *Gjöfin til Íslenzkrar alþýðu* stóð sumarlengt og þar voru sýnd 52 verk sem tilheyra stofngjöfni. Samtímis kom út bók með öllum verkunum 147 ásamt fróðlegum texta um gjöfina, gefandann og starfsemi safnsins. Sýningarstjóri var Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur og hún ritaði jafnframt texta samnefndrar bókar. Sýningin og bókin fengu mjög góðar undirtektir og er sýningin ein sú fjölsóttasta í Listasafni Árnesinga frá upphafi.

Í febrúar 2019 voru sýningar Hildigunnar Birgisdóttur *Universal sugar* settar upp samhliða í Vestmannaeyjum og Garðabæ. Snemmsumars var að nýju kallað eftir tillögum frá myndlistarmönnum og valdi listráð safnsins Bjarka Bragason til samstarfs um sýningahald. Þann 7. desember opnar sýning á verkum Elínar Pjet. Bjarnason í Listasafninu á Akureyri. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson.

Safnið hlaut styrk úr Barnamenningarsjóði fyrir skólaverkefnið *Kjarval á kerru* þar sem farið er með verk úr safneigninni í skóla víðsvegar um landið. Í lok október var haldin vinnustofa fyrir grunnskólabörn á Höfn í Hornafirði í samstarfi við List fyrir alla. Safnið lætur vinna stuttmyndir um skólaverkefnið til birtingar á heimasíðu safnsins.

Fyrir á þessu ári voru geymslur safnsins sameinaðar á einum stað og hefur aðstaða til að varðveita og vinna með safnkostinn aldrei verið betri.

Sýningin er ein sú fjölsóttasta í Listasafni Árnesinga frá upphafi.

Ágúst 2019

Bryggjum brýr – forsætisráðherra á NFS þingi

September 2019

Breytingar á stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

ASÍ-UNG kallar eftir aðgerðum í loftslagsmálum



**Alþýðusambands Íslands**

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík

Sími: 535 5600

[asi@asi.is](mailto:asi@asi.is)

[www.asi.is](http://www.asi.is)

Reykjavík, október 2019